



# Samskiptasáttmáli

## Jákvætt viðmót og virðing


Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, kurteisi, góðvild, umburðarlyndi og sanngirni. Við högum samskiptum okkar í samræmi við gildi embættisins og erum þannig góðar fyrirmyndir. Við vöndum okkur í samskiptum.

## Jafnræði og fagmennska

Við leggjum okkur fram í störfum okkar og gætum jafnræðis í hvívetna. Við erum öll í sama liði; við hjálpumst að, við stöndum saman, við styðjum hvert annað, treystum hvert öðru og höldum góðu upplýsingaflæði.

## Umhyggja og skilningur

Við látum vita af því sem vel gengur, hrósum af einlægni fyrir vel unnin störf og gott viðmót og hvetjum hvert annað. Við erum hreinskilin og heiðarleg hvert við annað, bendum á það sem betur má fara með uppbyggilegum hætti og erum vakandi fyrir líðan samstarfsfólks.





# Samskiptasáttmáli

- Við bjóðum góðan dag, kveðjum í lok dags og þökkum fyrir okkur.
- Við virðum rétt til mismunandi skoðana.
- Við komum fram við öll sem jafningja.
- Við komum fram af heilindum og gerum ráð fyrir að fólk vilji vel.
- Við tölum vel um hvert annað.
- Við ástundum opin og uppbyggileg samskipti og fyrirgefum mistök.
- Við tökum okkur ekki of alvarlega.
- Við erum jákvæð, vingjarnleg og kurteis.
- Við leggjum okkur fram um að ganga frá eftir okkur og sýnum snyrtimennsku í allri umgengni.
- Við förum vel með eigin tíma og annarra.
- Við getum leitað til samstarfsfólks.
- Við berum virðingu fyrir þekkingu, kunnáttu og störfum hvers annars.
- Við mætum samstarfsfólki og verkefnum með jákvæðni, umburðarlyndi og sveigjanleika.
- Við sýnum mildi og æðruleysi og veitum hvert öðru stuðning og umhyggju þegar á þarf að halda.

